

FUNDARGERÐ STJÓRNAR STRÆTÓ BS.

322. fundur

Fimmtudaginn 30. apríl 2020 var haldinn fjarfundur í stjórn Strætó bs. og hófst hann kl. 11:00.

Mætt voru

Björg Fenger (BF), Hjálmar Sveinsson (HS), Karen Halldórsdóttir (KH), Sigrún Edda Jónsdóttir (SEJ), Ásgeir Sveinsson (ÁS) og Helga Ingólfssdóttir (HI)

Fundinn sat einnig Jóhannes S. Rúnarsson (JSR), framkvæmdastjóri sem ritaði fundargerð

Dagskrá fundar:

1. Tillaga að leiðakerfi frá 4. maí 2020.
2. Önnur mál.

Tekið fyrir:

1. Tillaga að leiðakerfi frá 4. maí 2020.

Fyrir fundinum lágu tillögur frá vinnuhóp um færslu leiðakerfis í fyrra horf. Framkvæmdastjóri fór yfir samskipti við heilbrigðisráðuneytið varðandi undanþágubeiðni Strætó varðandi 2 metra regluna. Samþykkt var tillaga framkvæmdastjóra um að frá 4. maí yrði tíðnin aukin á leið 1 á annatímum. Leiðin mun þá aka á 15 mín fresti milli klukkan 06:35-08:35 á morgnana og 15:12-17:12 síðdegis. Áfram verður staðan metin á hverjum degi og aukavagnar settir inn eftir þörfum.

2. Önnur mál.

- a. Stjórnarformaður upplýsti að fyrirhugaður væri fundur með stýrihóp Borgarlínuverkefnisins þar sem ræða ætti samvinnu Strætó og Borgarlínunnar.

Fundi slitið: kl. 11:30

Fylgiskjöl: Tillögur að breytingum.

Björg Fenger

Hjálmar Sveinsson

Sigrún Edda Jónsdóttir

Karen Halldórsdóttir

Helga Ingólfssdóttir

Ásgeir Sveinsson